

Fimmtudaginn 28. nóvember 1968.

Nr. 28/1968. **Þorvaldur Baldvinsson**
(Sigurður Sigurðsson hrl.)

gegn

Aðalsteini Loftssyni
(Hafsteinn Baldvinsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Vinnulaun. Sjóveðréttur.

Dómur Hæstaréttar.

Freyr Ófeigsson, fulltrúi bæjarfógetans á Akureyri, og samdómsmennirnir Bjarni Jóhannesson skipstjóri og Þorsteinn Stefánsson skipstjóri hafa kveðið upp héraðsdóminn.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 16. febrúar 1968. Hann gerir þær dómkröfur, að stefnda verði dæmt að greiða honum fébætur, kr. 156.944.95, ásamt 7% ársvöxtum frá 1. janúar 1966 til greiðsludags, orlofsfé, 7% bótafjárhæðar, og svo málskostnað í héraði og hér fyrir dómi. Þá krefst áfrýjandi sjóveðréttar til tryggingar fjárhæðum þessum í v/b Lofti Baldvinssyni, EA 124.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Málsatvik eru skilmerkilega rakin í héraðsdómi. Áfrýjandi, sem var lögskráður háseti á v/b Lofti Baldvinssyni og búsettur á Dalvík, dvaldist heima hjá sér í sumarleyfi, er skipið affermdi þar síldarafla hinn 28. ágúst 1965. Er skipið hélt þaðan á sildarmiðin við Jan Mayen hinn 30. s. m., taldi áfrýjandi sig eiga eftir tvo daga af sumarleyfi sínu. Áfrýjandi gat ekki treyst því, að skipið kæmi í höfn af nýju innan þess tíma. Bar honum því, eins og á stóð, að gefa sig fram til starfs síns á skipinu, áður en það hélt frá Dalvík. Þar sem áfrýjandi gerði það ekki, var skipstjóra rétt að vikja honum úr skiprúmi án fyrirvara. Samkvæmt þessu verður staðfest dómsorð hins áfrýjaða dóms, sem ekki hefur verið gagnáfrýjað. Eftir þessum úrslitum er rétt, að áfrýjandi greiði

stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 8.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Þorvaldur Baldvinsson, greiði stefnda, Aðalsteini Loftssyni, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 8.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Akureyrar 4. desember 1967.

Mál þetta, sem tekið var til dóms hinn 24. nóvember s.l., hefur Þorvaldur Baldvinsson sjómaður, Ásvegi 6, Dalvík, höfðað fyrir sjó- og verzlunardómi Eyjafjarðarsýslu með stefnu, útgefinni 22. ágúst 1966, á hendur Aðalsteini Loftssyni útgerðarmanni, Bjarkarbraut 3, Dalvík, til greiðslu skaðabóta vegna fyrirvaralausrar uppsagnar. Gerir stefnandi aðallega þær dómkröfur, að stefnda verði gerð að greiða honum kr. 156.944.95 í skaðabætur ásamt 7% ársvöxtum frá 1. janúar 1966 tilgreiðsludags. Til vara krefst stefnandi þess að stefndi verði dæmdur til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 133.814.95 ásamt 7% ársvöxtum frá 1. janúar 1966 til greiðsludags, og til þrautavara er þess krafizt, að stefndi verði dæmdur til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 15.694.50 ásamt 7% ársvöxtum frá 5. september 1965 til greiðsludags.

Þá krefst stefnandi viðurkenningar á sjóveðrétti í v/s Lofti Baldvinssyni til tryggingar öllum dæmdum fjárhæðum og málskostnaðar að skaðlausu.

Við munnlegan flutning málsins breytti stefnandi kröfum sínum á þann veg, að til viðbótar framangreindum kröfum krefst hann 7% orlofs.

Stefndi hefur krafizt sýknu af öllum kröfum stefnanda í málinu og málskostnaðar að mati dómsins, en til vara, að stefnda verði einungis gert að greiða stefnanda hásetahlut, eins og hann var á v/s Lofti Baldvinssyni, EA 124, frá og með 5. september 1965 til 11. september 1965 og að málskostnaður verði niður felldur.

Eftir þingfestingu málsins var það með samkomulagi aðilja flutt í sjó- og verzlunardóm Akureyrar og rekið þar.

Stefnandi kveður málsatvik þau, að stefnandi hafi verið háseti á fiskiskipi stefnda, v/s Lofti Baldvinssyni, EA 124, sumarið 1965 og hafi hann lögskráðst á skipið í ársbyrjun sama ár. Hinn 29. maí 1965 hafi hann lögskráðst sem háseti á skipið til síldveiða með herpinót við Norður- og Austurland, að hann taldi til 31. desember 1965. Í byrjun síldarvertiðar hafi orðið samkomulag innan áhafnar skipsins um það, að hver skipverji fengi 15 daga sumarleyfi. Hafi skipstjóri, Gunnar Arason, látið þau orð falla, að hann léti þetta afskiptalaust, svo framarlega sem skipshöfnin héldi sinni réttu tölu, eða 12 mönnum.

Annan dag júlímánaðar 1965 kl. 1000 hafi skipið látið úr höfn að loknu verkfalli. Hafi stefnandi þá fengið leyfi skipstjóra til að vera í landi til 6. s. m., til þess að hann gæti verið við jarðarför ömmu sinnar, gegn því skilyrði, að hann fengi þann skipverja, sem átti sumarleyfi á þeim tíma, til þess að taka að sér störf hans. Kl. 2100 að kvöldi þess 6. júlí 1965 kveðst stefnandi samkvæmt boði skipstjóra hafa farið til Seyðisfjarðar og verið kominn að skipshlið kl. 0400 til 0500 nóttina á eftir. Telur stefnandi leyfi sitt í þetta sinn hafa verið um 5 sólarhringar. Stefnandi kveðst síðan hafa farið í sumarleyfi aftur 22. ágúst 1965, og taldi hann því eiga að ljúka 1. september s. á. V/s Loftur Baldvinsson lét úr höfn á Dalvík 30. ágúst, að hyggju stefnanda, og hélt á miðin við Jan Mayen.

Fimmta dag septembermánaðar næstan á eftir kveður stefnandi skipstjórann hafa hringt til sín um loftskeytastöð og tjáð sér, að hann þyrfti ekki að mæta til skips á ný, þar sem hann hefði ekki mætt til skips, er það var í Dalvíkurhöfn næst á undan. Kveðst stefnandi enga kvaðningu eða boð hafa fengið frá skipstjóra um að mæta til skips í það sinn.

Bótakröfu sína byggir stefnandi á því, að stefndi sem eigandi og útgerðarmaður Lofts Baldvinssonar, EA 124, beri bótaábyrgð á því, að honum var vikið úr starfi sínu þrátt fyrir gerðan ráðningarsamning út síldarvertiðina samkvæmt almennum reglum skaðabótaréttarins, sbr. III. kafla laga nr. 66/1963.

Aðalkrafa stefnanda í málinu er við það miðuð, að hann fái fullan aflahlut frá brottvikningardegi, eða 5. september 1965, til loka síldarvertiðar, sem stefnandi telur vera áramót. Stefnandi kveður afla Lofts Baldvinssonar, EA 124, á framangreindu tímabili hafa verið eftirfarandi samkvæmt upplýsingum Fiskifélags Íslands.

Í bræðslu 17.182 mál á kr. 235.00, samtals	kr. 4.037.770.00
Uppsaltaðar tonnur 645 á kr. 350.00, samtals	— 225.750.00
Uppmældar tonnur 2.580 á kr. 257.00	— 663.060.00
Suðurlandssíld 166.610 kg. á kr. 1.40	— 223.254.00

Samtals kr. 5.159.834.00

Samkvæmt síldarsamningi beri skipshöfn 36.5% af aflaverðmæti, eða í þessu tilfelli kr. 1.883.339.41, sem síðan skiptist í 12 staði, eða kr. 156.944.95 í hlut hvers skipverja, sem er hið sama og aðalkrafan nemur.

Varakrafa stefnanda er framangreindur aflahlutur að frádregnum hlut hans á báti hans, Sæbjörgu, EA 72, til 31. desember 1965, krónum 23.130.00.

Frá brottrekstrardegi til 24. s. m. kveðst stefnandi hafa verið atvinnulaus, en þá keypt 8 rúmlesta þilfarsbát og hafið róðra á honum 19. október 1965. Stefnandi kveður aflaverðmæti til áramóta hafa numið kr. 51.400.00, en þar af hafi hann greitt vinnulaun kr. 4.480.00 og annan kostnað kr. 11.319.00, kostnað vegna beitukaupa kr. 6.971.00 og fyrir olíur kr. 5.500.00. Stefnandi kveður nettópénustu af útgerðinni enga hafa verið, því að hann hafi orðið að láta allt þetta kaup í viðgerðarkostnað á vél bátsins og í veiðarfæratap, en taprekstur orðið á útgerðinni, kr. 5.971.00.

Þrautavarakrafa stefnanda er meðalflahlutur í 7 daga á tíma-bilinu frá brottrekstrardegi, 5. september 1965, til þess tíma, er skipið hætti síldveiðum, en þar til kveður stefnandi hafa liðið 70 daga, eða 10 vikur.

Stefndi skýrir svo frá, að á sumarsíldveiðum 1965 hafi skipverjar ýmissa síldveiðiskipa orðið ásáttir um að fara í frí til skiptis yfir sumarmánuðina. Svo hafi einnig verið á v/s Lofti Baldvinssyni, sem er eign stefnda, og hafi stefnandi verið í frí síðustu daga ágústmánaðar. Stefndi kveður skipverja skipsins hafa rætt um það sín á milli, að eigi væri unnt að ákveða frí hvers skipverja upp á ákveðinn dag, þar eð taka yrði tillit til þess, hvar skipið væri að veiðum í hvert skipti, hvar aflanum væri landað o. þ. h. Kveður stefndi Loft Baldvinsson hafa komið til Dalvíkur með síld þann 30. og 31. ágúst. Þegar ákveðið var, hvenær skipið færi, hafi skipstjóri skipsins sent einn skipverjann, Friðgeir Höskuldsson, til stefnanda til að flytja honum þau boð, að hann skyldi mæta til skips. Hafi skipstjóri ákveðið að

kalla stefnanda til skips, þar eð veiðisvæði síldveiðiskipanna var á þessum tíma einkum við Jan Mayen og eigi víst, hvenær skipið yrði næst í höfn. Þann eina dag, sem stefnandi átti eftir af fríu sínu, hafi skipstjóri ætlað að láta hann fá síðar, ef þannig hagaði til. Kveður stefndi Friðgeir Höskuldsson hafa flutt stefnanda þau boð skipstjóra, að hann ætti að mæta til skips, en hann sagðist eigi mundu mæta og hafði orð á því við Friðgeir, að það tæki því eigi fyrir sig að fara með skipinu, þar eð hann væri að hætta. Friðgeir hafi síðan flutt skipstjóra þessi boð stefnanda.

Telur stefndi, að stefnandi hafi með framangreindu háttarni sínu fyrirgert rétti sínum til að vera skipverji, þar eð víkja megi skipverja bóttalaust úr skiprómi, sem eigi mætir til skips, þegar hann er boðaður til skips af skipstjóra, sbr. 33. gr. sjómannalaga nr. 67/1963.

Er sýknukrafa stefnda byggð á þessu.

Varakrafa stefnda er á því byggð, að stefnandi hafi eigi verið ráðinn um ákveðinn tíma á v/s Loft Baldvinsson, og hafi því verið heimilt að segja honum upp starfi með viku fyrirvara, sbr. 13. gr. gildandi sjómannalaga.

Skipstjórinn á v/s Lofti Baldvinssyni, Gunnar Arason, skýrði svo frá fyrir dómi, að hinn 29. ágúst 1965 hafi v/s Loftur Baldvinsson komið inn til Dalvíkur og landað þar. Að morgni hins 30. ágúst hafi Friðgeir Höskuldsson komið til sín og spurzt fyrir um, hvort hann ætti ekki að fara í frí. Kvaðst skipstjórinn þá hafa sagt Friðgeiri að fara til stefnanda og segja honum, að hann ætti að koma um borð, en Friðgeir ætti að fara í frí og að það ætti að fara til Jan Mayen. Kvaðst skipstjórinn hafa litið svo á, að hann væri að gefa stefnanda fyrirsmæli um að mæta til skips án tillits til þess, hvernig stefnanda og Friðgeiri semdist um fríið sín á milli. Hann kvað Friðgeir hafa komið til sín eða hafa hitt stefnanda og tjáð sér, að stefnandi vildi ekki koma um borð. Hann kveðst hafa séð stefnanda tilsýndar á götu á Dalvík, er hann var á leið til skips, en ekki haft tal af honum þá. Hann kvaðst hafa lagt af stað kl. 1830 hinn 30. ágúst frá Dalvík á miðin við Jan Mayen. Hann kvaðst síðan hafa hringt í stefnanda utan af sjó og sagt honum upp starfinu.

Skipstjórinn kvaðst hafa ráðið stefnanda til óákveðins tíma á síldveiðarnar norðan- og austanlands. Hann kvað algengt að hásetar segðu upp starfi sínu með viku fyrirvara, meðan á umræddum veiðum stæði. Skipstjórinn kvað það ekki hafa verið venju að hringja í skipsmenn fyrirfram, þegar þeir áttu að mæta

til skips úr fríum sínum, þegar komið var til hafnar þeirrar, sem þeir áttu heima.

Skipstjórinn kvað 13—14 daga hafa verið liðna af sumarfrí stefnanda, er hann lét boða hann til skips.

Stefnandi hefur skýrt svo frá fyrir dómi, að Friðgeir Höskuldsson, skipstfélagi hans, hafi komið til hans, þrem dögum áður en sumarleyfi hans átti að ljúka, þar sem hann var við vinnu sína ásamt Gunnari Jónssyni, en þeir unnu við smíðar í íbúð stefnanda. Kvað stefnandi Friðgeir hafa farið þess á leit við sig, að hann færi strax um borð, svo að hann, Friðgeir, gæti tekið sumarleyfi sitt. Stefnandi kvaðst ekki hafa getað orðið við þeirri beiðni, þar sem svo stóð á með bygginguna. Stefnandi kvað Friðgeir aldrei hafa borið sér þau orð skipstjóra, að honum bæri að koma þá strax um borð.

Vitnið Gunnar Jónsson hefur staðfest þá frásögn stefnanda, að Friðgeir Höskuldsson hafi komið til þeirra, þar sem þeir voru við vinnu sína, og farið þess á leit við stefnanda, að hann, Friðgeir, gæti tekið sumarleyfi sitt, en stefnandi kvað sér ómögulegt að fara til skips fyrr en að loknu sumarleyfi.

Vitnið kvað Friðgeir aldrei hafa borið stefnanda þau orð skipstjóra, að hann skyldi mæta til skips þá strax, en vitnið kvaðst gerla hafa heyrt, hvað þeim fór í milli.

Vitnið Friðgeir Höskuldsson skýrði svo frá, að hann hefði átt að fara í frí, er fríi stefnanda lyki. Er v/s Loftur Baldvinsson kom inn til Dalvíkur síðast í ágúst, kvaðst vitnið hafa spurt skipstjórann, hvort ekki væri í lagi, að hann færi nú í frí, en skipstjóri hefði sagt það í lagi og beðið hann að hafa samband við stefnanda og tilkynna honum það. Vitnið kvaðst hafa hitt stefnanda að máli, en stefnandi hafi þá sagt, að hann væri ekki búinn með fríið og mundi því ekki fara um borð.

Vitnið kvað skipstjóra einungis hafa beðið sig að láta stefnanda vita, að það væri að fara í frí. Um boð eða skipun hafi ekki verið að ræða.

Stefnandi og vitnið Gunnar Jónsson hafa enn fremur skýrt frá því, að þeir hafi hitt skipverja af v/s Lofti Baldvinssyni, þ. á m. skipstjórann, síðar sama daginn og Friðgeir kom að máli við stefnanda og hafi þá ekkert verið minnzt á það, að stefnandi skyldi koma um borð.

Samkvæmt því, sem að framan er rakið, þykir ekki sannað, að stefnandi hafi fengið boð frá skipstjóra v/s Lofti Baldvinssonar um að mæta til skips í umrætt sinn, og ber stefnda því að

greiða stefnanda skaðabætur vegna uppsagnarinnar. Verður sýknukrafa stefnda því ekki tekin til greina.

Lögð hafa verið fram í málinu vottorð lögskráningarmanns um lögskráningu stefnanda á v/s Loft Baldvinsson hinn 29. maí 1965, enn fremur ljósrit af skipshafnarskrá. Samkvæmt gögnum þessum hefur verið skráð í dálk nr. 6 í skipshafnarskránni, þ. e. ferð sú eða farleið, sem sjómaðurinn er ráðinn til, „síldveiðar með herpinót við Norður- og Austurland“. Í dálk nr. 10 er hins vegar ekkert skráð, en þar ber að skrá, hvenær vistmánuður endar, sé skráð ákveðinn tíma. Í dálki nr. 11 segir, að váttryggt sé til 31. desember 1965.

Í vottorði Sjóváttryggingarfélagss Íslands, sem lagt er fram í málinu, segir, að tryggingar þær, er um ræðir á v/s Loft Baldvinsson á árinu 1965, hafi verið teknar um áramótin 1964/1965, og skyldu þær gilda fyrir allt að 13 manna áhöfn. Tekið er fram, að aðeins sé tryggður viss fjöldi manna, en ekki sérstakir menn.

Komið hefur fram í málinu, að ekki sé óalgengt að hásetar á síldveiðum norðan- og austanlands segi upp starfi sínu með viku fyrirvara, áður en vertíð lýkur, og er það í samræmi við álit hinna sérfróðu meðdómsmanna.

Samkvæmt framansögðu verður að fallast á það með stefnda, að stefnandi hafi verið ráðinn til óákveðins tíma og hafi því aðeins átt rétt á viku uppsagnarfresti, sbr. 13. gr. laga nr. 67/1963.

Stefnandi á því að fá greiddan aflahlut, eins og hann var á v/s Lofti Baldvinssyni í eina viku frá 5. september 1965, en þann dag telst stefnanda hafa verið sagt upp starfinu.

Samkvæmt upplýsingum stefnda hefur afli v/s Lofts Baldvinssonar á tímabilinu 5.—11. september 1965 verið þessi:

1. 5. september landaði skip 790 mál á kr. 202.00 .. kr. 159.580.00
2. 11. september landaði skip 353 mál á kr. 202.00 — 71.104.00

Samtals kr. 230.684.00

Hlutur háseta á v/s Lofti Baldvinssyni úr ofangreindu aflamagni:

Hlutaskipti 36.5% í 12 staði, eða 3.041% pr. mann,

230.684.00 × 3.041 = kr. 7.015.10

Orlof 7% — 491.06

Samtals kr. 7.506.16

Þessum upplýsingum stefnda hefur ekki verið mótmælt af hálfu stefnanda, og verða þær því lagðar til grundvallar í málinu. Stefndi hefur ekki haft uppi kröfu um, að frá verði dreginn fæðiskostnaður.

Samkvæmt framansögðu ber að dæma stefnda til greiðslu á kr. 7.506.16 auk 7% ársvaxta frá 11. september 1965 til greiðsludags.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að málskostnaður falli niður. Stefnandi á sjóveðrétt í v/s Lofti Baldvinssyni, EA 124, til tryggingar fjárhæðum þessum, sbr. 2. tölulið 216. gr. siglingalaga nr. 66/1963.

Dómsorð:

Stefndi, Aðalsteinn Loftsson, greiði stefnanda, Þorvaldi Baldvinssyni, kr. 7.506.16 ásamt 7% ársvöxtum frá 11. september 1965 til greiðsludags.

Málskostnaður falli niður.

Stefnandi á sjóveðrétt í v/s Lofti Baldvinssyni, EA 124, til tryggingar framangreindum fjárhæðum.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 28. nóvember 1968.

Nr. 31/1968. **Einar Guðfinnsson h/f**
(Guðmundur Pétursson hrl.)
gegn
Borghóri Sigfússyni
(Guðjón Steingrímsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Ómerking. Heimvísun.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 22. febrúar 1968, að fengnu áfrýjunarleyfi 29. janúar